

 NEIMUR

Ársskýrsla  
2025





# Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	4
Stefna og markmið	6
Stjórn og starfsfólk	7
RECET	8
Glatvarmi sem auðlind til framtíðar	9
Sniglarækt	10
Grænn iðngarður á Bakka	11
Samningaviðræður um glatvarma á Akureyri	12
Icewater	13
Metanvinnsla á Dysnesi	14
Lífgas- og áburðarframleiðsla	14
Hauggas í Stekkjavík	15
Kynningarmál	16
Gullmolar úr starfi Eims 2025	17
Viðburðir í myndum	18
Bakhjarlar	19

## Ársskýrsla Eims 2025

Útgefandi: Eimur

Umbrot: Kolfinna María Nielsdóttir & Guðrún Huld Gunnarsdóttir

[www.eimur.is](http://www.eimur.is)

[eimur \(há\) eimur.is](mailto:eimur@eimur.is)



 **Landsvirkjun**



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið



**ORKUVEITA  
HÚSAVÍKUR**



**Eimur er leiðandi þekkingarafl á Norðurlandi sem innleiðir, miðlar og þroskar lausnir til bættrar auðlindanýtingar og verðmætasköpunar með sjálfbærni og samstarf að leiðarljósi**



## Ávarp framkvæmdastjóra

Eimur, félag um bætta nýtingu auðlinda á Norðurlandi, lagði sitt af mörkum á árinu 2025 til að ýta undir verðmætasköpun, aukna sjálfbærni og nýsköpun á Norðurlandi. Með fjölbreyttum verkefnum höfum við unnið markvisst að því að byggja upp verkefni og staðþekkingu til að styðja framþróun í landshlutanum. Í byrjun ársins réðumst við í stefnumótunarvinnu með stjórn, verkefnastjórn og starfsfólki til að skerpa áherslur og móta hlutverk okkar í ýmsum verkefnum. Niðurstaðan var að Eimur ætti að beita sér á þremur meginviðum.

**Orkuskipti:** Efla og styðja sveitarfélög og atvinnulíf við innleiðingu orkuskiptalausna sem draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

**Varmaorka:** Miðla tækifærum og greiða leið einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga til bættrar nýtingar varmaorku og nýsköpunar.

**Lífmassi:** Draga fram staðbundin og hagkvæm tækifæri til verðmætasköpunar úr lífmassa í sátt við samfélög og umhverfi.

Með þessi stef að leiðarljósi mótum við þátttöku okkar í nýjum verkefnum og sinnum þeim sem við höfum þegar stofnað til.

Þegar kemur að *orkuskiptum*, er Eimur þátttakandi í RECET verkefninu, sem styrkt er af LIFE styrktaráætlun Evrópusambandsins.

Það snýr fyrst og fremst að því að styðja sveitarfélög við gerð áætlana um orkuskipti og loftslagsmál og miðla nýjustu þekkingu á málaflokknum til hagaðila samfélagsins.

Við höldum m.a. vefþing með kollegum okkar á Vestfjarðarstofu um orkuskipti smábáta, og svo ráðstefnu á Akureyri um orkuskipti í dreifðum byggðum í félagi við NetZero Island Network sem starfrækt er af Nordic Energy Research. Um mitt ár kom svo út opið og aðgengilegt mælaborð um olíusölu á Íslandi eftir sveitarfélögum á árunum 2010-2020, sem byggði á greiningarvinnu frá árinu áður.

Á árinu var líka þróaður aðgerðabanki sveitarfélaga í orkuskiptum sem var lagður til grundvallar í vinnu SSNE og Eims

með sveitarfélögum á Norðurlandi eystra við gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum fyrir svæðið á haustmánuðum.

Ýmis verkefni getum við felld undir *varmaorku*. Þar má nefna sniglarækt á Íslandi, en fá verkefni hafa vakið jafn mikla athygli nærumhverfisins og fjölmiðla. Hugmyndin er að nýta vannýtta varmaorku, t.d. hitaveituhjárennsli til sveita, til að rækta matsnigla en þeir þykja lostæti í Frakklandi og á Spáni. Við höfum til þessa afar góð skilyrði og viljum færa þessa hugmynd nær framkvæmd og buðum uppá fræðslu frá fyrstu hendi.

Við höfum samstarf við írsku sniglaræktandann Peter Monaghan hjá Inis Escargot, og fengum hann til að halda fyrirlestraröð á Hvammstanga, Sauðárkróki, Akureyri og við Mývatn. Þessir viðburðir voru afar vel sóttir og mikill hugur í mörgum að reyna fyrir sér í sniglarækt. Vonandi sjáum við þessa búgrein verða til á landinu á næstu árum.

Annað stórt verkefni tengt varmaorku sneri að glatvarma gagnaversins AtNorth á Akureyri. Eimur leiddi samningaviðræður fyrir hönd Akureyrarbæjar um nýtingu glatvarmans frá gagnaveri AtNorth sem skilyrði fyrir stækkun lóðar félagsins á Akureyri. Sá samningur var undirritaður með pompi og prakt í byrjun júlí við á lóð gagnaversins á Akureyri.

Á grundvelli þess samnings ber AtNorth að afhenda glatvarmann í aðgengilegu formi á lóðamörkum endurgjaldslaust. Þetta er eftir því sem við komumst næst, í fyrsta skipti sem samningar eru gerðir um hliðarstrauma frá tiltekinni starfsemi, áður en hún hefst. Slíkir samningar eru vannýtt tæki af hálfu sveitarfélaga til að ýta undir verðmætasköpun frá starfsemi innan marka þess og bæta nýtingu auðlinda.

Undir lífmassa falla fjölmörg verkefni. Fyrst ber að nefna ICEWATER sem einnig er stutt af LIFE styrktaráætluninni.

Í því verkefni ætlum við hjá Eimi, í samvinnu við Orkuveitu Húsavíkur, Kjarnafæði/Norðlenska og Iðnver að koma upp færanlegu hreinsivirki fyrir fráveituvatn í næstu sláturtíð haustið 2026 við sláturhús Kjarnafæði/Norðlenska á Húsavík.



„Með því að horfa á orku, lífmassa og hliðarstrauma ekki sem úrgang heldur sem verðmæti, höfum við á árinu 2025 lagt grunn að verkefnum sem geta umbreytt nýtingu auðlinda á Norðurlandi – þar sem samstarf, þekking og framsýni ráða för og skapa raunveruleg tækifæri til verðmætasköpunar og sjálfbærni.“



## Ávarp framkvæmdastjóra

Á árinu 2025 var gámurinn hannaður og samningar gerðir um smíði hans. Samstarfsaðilar okkar í lönver munu flytja hann inn og leigja Eimi til afnota. Með uppsetningu hans viljum við sýna fram á að hægt er með einföldum hætti að hreinsa fráveituvatn frá matvælaíðnaði og sækja í það fitu og lífmassa sem nýta má til verðmætasköpunar. Við vinnum þann hluta í samstarfi við nýsköpunarfyrirtækið Gefn, sem ætlar að framleiða lífdísil úr fitunni sem við sækjum í vatnið.

Fyrri hluta árs var gert rekstrar- og fjármögnunarlíkan fyrir metanvinnslu á Dysnesi við Eyjafjörð sem nýta myndi lífrænan heimilisúrgang og sláturúrgang sem í dag fer til moltugerðar, í bland við kúamykju frá bændum, og framleiða úr því metangas. Okkar niðurstöður eru þær að ef markaður er fyrir hreinsað metangas frá vinnslunni, mætti lækka hliðgjöld á lífrænum heimilisúrgangi, sem væri mikill akkur fyrir heimi og fyrirtæki á svæðinu.

Bændur fengju svo aftur til sín meltu, gerjaða mykju og lífúrgang, sem er næringarríkari og auðleystari fyrir nytjaplöntur en ógerjuð mykja sem bændur dreifa á tún sín í dag. Við erum sannfærð um að slíkt fyrirkomulag geti verið þjóðhagslega hagkvæmt, enda geti hlotist af þessu samdráttur í innflutningi á bæði eldsneyti og áburði. Það er hinsvegar á brattan að sækja fyrir lífheldsneyti þessi misserin, sem verður að teljast furðulegt enda eru liggja þarna okkar nærtækustu tækifæri til innlendrar eldsneytisframleiðslu.

Að lokum vil ég hafa örfá orð um verkefnið um uppbyggingu grænna iðngarða á Bakka við Húsavík. Við hjá Eimi höfum fókstrað þetta verkefni síðan 2023 og slógum botninn í beina þátttöku okkar í því í nóvember 2025 með glæsilegri ráðstefnu á Fosshótelu á Húsavík, undir yfirskriftinni Framtíðin á Bakka.


Viðburðurinn sem haldinn var í góðu samstarfi við Norðurþing, Landsvirkjun og Íslandsstofu var afar vel sóttur en á bilinu 250-300, fulltrúar stjórnvalda, fyrirtækja, heimamanna og fjölbreyttra verkefna sem vilja byggja upp á Bakka komu þar saman. Gerður var afar góður rómur að efni og skilaboðum ráðstefnunnar. Það gaf ráðstefnunni aukna vigt að fá ávörp forsætis- og atvinnuvegaráðherra en þær töluðu fyrir uppbyggingu atvinnutækifæra þar sem hringrás og fullnýting auðlinda verður í fyrirrúmi og rímar við nýútkomna atvinnustefnu stjórnvalda. Það er gott leiðarstef fyrir iðnþróun á 21. öldinni. Við skiljum stolt við verkefnið um græna iðngarða á Bakka, en það er gott dæmi um gjöfult samstarf sem við áttum mikinn þátt í að þroska í réttar áttir.

Áfram veginn og megi árið 2026 verða Norðurlandi gjöfult og gott.



„Verkefni ársins 2025 sýna að verðmætasköpun framtíðarinnar felst ekki síst í því að nýta það sem áður var hunsað – með því að tengja saman þekkingu, innviði og samstarf umbreytum við auðlindum í ápreifanleg tækifæri fyrir samfélögin á Norðurlandi.“

**Ottó Elíasson,**  
framkvæmdastjóri





# Stefna og markmið Eims

Eimur miðar að því að leiða saman fólk og fyrirtæki til samstarfs um tilraunir, rannsóknir og þróunarverkefni á sviði orku-, auðlinda-, og loftslagsmála, meðal annars með öflun alþjóðlegs fjármagns.

Markmið Eims er að **bæta nýtingu auðlinda** á Norðurlandi með **verðmætasköpun**, **sjálfbærni** og **nýsköpun** að leiðarljósi.

### Í ÞESSU FELST AÐ:

-  Stuðla að bættri nýtingu orkuauðlinda, hvort sem þær eru á formi varma eða raforku
-  Bæta nýtingu hliðarstrauma, frá iðnaði, landbúnaði, sjávarútvegi eða innviðum samfélagsins, í anda hringrásarhagkerfisins
-  Efla atvinnulíf og verðmætasköpun gegnum hagnýtar rannsóknir og stuðning við frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun innan starfandi fyrirtækja
-  Greiða leið orkuskipta með samstarfi við sveitarfélög, atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila svæðisins
-  Miðla tækifærum á þessum sviðum og kynna þau fyrir atvinnulífi, fjárfestum, opinberumaðilum, skólum og rannsóknaraðilum
-  Stuðla að sjálfbærni samfélagsins og jákvæðu samspili umhverfis, efnahags og samfélags





# Stjórn



**Sigríður Svana Helgadóttir**  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
(í stjórn til mars 2025)



**Albertína Fr. Elíasdóttir**  
Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra  
(stjórnarformaður til apríl 2025)



**Haraldur Hallgrímsson**  
Landsvirkjun



**Sveinbjörg Rut Pétursdóttir**  
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV)  
(í stjórn frá mars 2025)



**Eyþór Björnsson**  
Norðurorka



**Benedikt Þór Jakobsson**  
Orkuveita Húsavíkur  
(stjórnarformaður frá apríl 2025)



**Katrín M. Guðjónsdóttir**  
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra  
(í stjórn til mars 2025)

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið gekk úr stjórn í mars 2025

# Starfsfólk




**Ottó Elíasson**  
Framkvæmdastjóri



**Kolfinna M. Nielsdóttir**  
Markaðs- og nýsköpunarstjóri



**Skúli Gunnar Árnason**  
Sviðsstjóri orkuskipta  
(til ágúst 2025)



**Karen Mist Kristjánsdóttir**  
Sviðsstjóri orku- og sjálfbærnimála




**Sigurður G. Bogason**  
Ráðgjafi á sviði styrkjásóknar



**Sigurður Líndal Þórisson**  
Sviðsstjóri sjálfbærrar viðskiptapróunar



**Alessandra Schnider**  
Sviðsstjóri hringrásarhagkerfis  
(frá nóvember 2025)




**Ragnhildur Friðriksdóttir**  
Sviðsstjóri loftslags- og aðlögunarmála  
(til júlí 2025)



# RECET

Eimur er þátttakandi í RECET verkefninu, sem styrkt er af LIFE styrktaráætlun Evrópusambandsins.



## Vefþing um orkuskipti smábáta

Einn þráður í því verkefni er að stuðla að uppbyggilegu samtali um orkuskipti og stöðu þeirra mála í dreifðum byggðum. Til að sinna því héldum var haldið í marsmánuði 2025 vefþing um orkuskipti smábáta í samstarfi við kollega okkar á Vestfjarðastofu.

Fundurinn var vel sóttur og komu þar að máli bæði frumkvöðlar, fulltrúar hafna, samgöngustofu auk strandveiðisjómanna sem yrðu stærstu notendur tækninnar. Fundargestir sammæltust um að sýnileiki hinna fyrstu verkefna myndi skipta sköpum fyrir málaflokkinn.

Ráðherra ávarpaði samkomuna og hét stuðningi stjórnvalda við að ýta áfram málum.

## Alþjóðlegt samstarf í Hofi

Í maí leiddu RECET verkefnið og NetZero Island Network, sem starfrækt er af Nordic Energy Research saman hesta sína og stóðu fyrir málþingi í Hofi á Akureyri um orkuskipti í dreifðum byggðum.

Allar þessar sögur áttu það sammerkt að þar hefur samfélagið fundið leið til að flétta saman þessar breytingar við aðra samfélagsþróun, t.d. breytingar á atvinnuháttum, þjónustu og menntun.

Þar komu fram greinilegar áskoranir hinna dreifðari byggða, þar sem orkuskiptin eru almennt dýrari og minna er um sérþekkingu á málefnum. Á málþinginu var mest um vert að heyra af reynslusögum samfélaga í dreifbýli annarsstaðar í Evrópu um farsælar orkubreytingar.

Allar þessar sögur áttu það sammerkt að þar hefur samfélagið fundið leið til að flétta saman þessar breytingar við aðra samfélagsþróun, t.d. breytingar á atvinnuháttum, þjónustu og menntun.



## Mælaborð um olíusölu

Fyrri hluta naut Eimur krafta Inbal Armony, grunnema í háskóla í Bandaríkjunum sem kom hingað til lands í gegnum SIT Study Abroad, sem útbjó gagnvirkt mælaborð um olíusölu eftir sveitarfélögum. Þar byggði hún á gögnum sem komu út í skýrslu fyrir jólin 2024 sem unnin var af Eimi og Eflu verkfærðistofu.

Með þessu kom Inbal gögnunum aðgengilegra, og læsilegra form sem vonandi getur nýst fólki við átta sig á umfangi olíusölu á hverjum stað fyrir sig.

Ef þið lesendur góðir hafið enn ekki rýnt í þau gögn, eruð þið eindregið hvött til þess að skoða mælaborðið og kanna hvernig olíusala hefur þróast í ykkar heimasveit á árabílinu 2010-2020.

[Hér má nálgast skýrsluna](#)

## Aðgerðabanki fyrir orkuskipti og loftslagsmál

Höfuðmarkmið RECET verkefnisins á Norðurlandi eystra er að styðja gerð aðgerðaáætlunar um orkuskipti og loftslagsmál. Ein þeirra áskorana sem smærri sveitarfélög standa frammi fyrir við gerð slíkra lögbundinna áætlana er að ákveða hvaða aðgerðir eigi að velja.

Til að auðvelda starfsfólki sveitarfélaga að plægja sig í gegnum þessi mál, útbjuggum við aðgerðabanka í loftslagsmálum og orkuskiptum fyrir sveitarfélög, sem byggir á vinnustofum sem haldnar voru um slíka áætlanagerð haustið 2024 með fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og Vestfjörðum.

Aðgerðabankinn er aðgengilegur á vefsíðu Eims og svo á heimasíðu RECET verkefnisins í enskri þýðingu. Þessi aðgerðabanki var svo nýttur við smíði loftslagsstefnu Norðurlands eystra sem unnin var haustið 2025 undir forgöngu SSNE, eins bakhjarla Eims og samstarfsaðaila okkar í RECET.

Sú stefna leit dagsins ljós fyrir áramót og inniheldur hún sameiginlega aðgerðaáætlun sveitarfélaganna á Norðurlandi eystra í málaflokknum. Breytingar á atvinnuháttum, þjónustu og menntun.

Á árinu stóð Eimur einnig fyrir upplýsingaherferð á samfélagsmiðlum þar sem fjallað var um olíunotkun eftir landshlutum og mikilvægi orkuskipta víðs vegar um landið. Markmið herferðarinnar var að vekja athygli á stöðu orkuskipta í mismunandi landshlutum, draga fram helstu áskoranir og skapa aukna umræðu um tækifæri til að draga úr jarðefnaeldsneytisnotkun. Með miðlun aðgengilegra upplýsinga og tölulegra gagna var leitast við að efla vitund almennings og sveitarfélaga um mikilvægi markvissra aðgerða í loftslags- og orkuskiptamálum.





## Glatvarmi sem auðlind til framtíðar

Á árinu 2025 vann Eimur markvisst að verkefnum sem snúa að aukinni nýtingu glatvarma og hitaveituhjálrensli með það að markmiði að styðja við sjálfbæra verðmætasköpun, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á Norðurlandi. Með kortlagningu, greiningu og samstarfi við ólíka hagaðila hefur verið lögð áhersla á að umbreyta vannýttum varma í raunhæf þróunartækifæri sem geta stutt við orkuskipti, hringrásarhugsun og aukna nýtingu auðlinda til framtíðar.

### Nýting glatvarma og hitaveituhjálrensli

Eimur hefur á árinu unnið markvisst að greiningu og þróun lausna sem miða að aukinni nýtingu glatvarma og hitaveituhjálrensli á Norðurlandi. Verkefnin eru liður í áherslu félagsins á sjálfbæra auðlindanýtingu, hringrásarhugsun og þróun nýrra tækifæra sem byggja á betur nýttum hliðarstraumum úr innviðum samfélagsins.

Hitaveituhjálrennslir verður þegar heitu vatni er hleypt úr kerfum til að viðhalda hita og þrýstingi í lögnunum, sérstaklega í dreifbýli þar sem dreifikerfi eru löng og varmatap því meira. Þrátt fyrir að þessi varmi hafi lengi farið ónýttur út í umhverfið benda niðurstöður verkefna Eims til þess að um sé að ræða verðmæta auðlind með fjölbreytta nýtingarmöguleika.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að skoða hvernig hægt sé að umbreyta þessum vannýtta varma í raunhæf þróunarverkefni sem styðja við atvinnusköpun, sjálfbærni og aukna auðlindanýtingu. Meðal annars hefur verið horft til nýtingar í matvælaframleiðslu, upphitun gróðurhúsa, fiskeldi, sniglarækt og annarri starfsemi þar sem stöðugur hiti skiptir lykilmáli.


Í samstarfi við Hringvarma vann Eimur að kortlagningu vannýtttra varmastrauma með sérstakri áherslu á dreifbýl svæði á Norðurlandi. Verkefnið fól meðal annars í sér fyrstu heildstæðu greiningu á mögulegum stöðum þar sem nýta mætti glatvarma og lághitavatn til atvinnuuppbyggingar, með það að markmiði að skapa betri yfirsýn yfir þau tækifæri sem felast í vannýttum varmaorkugjöfum.

Í verkefninu var byggt á gögnum frá Norðurorku og Skagafjarðarveitum þar sem fengust upplýsingar um staðsetningu, hitastig, magn og mögulega nýtingu glatvarma frá ólíkum starfsemi og innviðum.

Verkefnið var unnið með aðkomu Mirru Payson, skiptinema frá Bandaríkjunum í gegnum SIT Study Abroad. Niðurstöður sýndu skýrt að hitaveituhjálrennslir getur orðið mikilvæg auðlind fyrir nýsköpun og atvinnuþróun í dreifbýli þar sem áður hefur fyrst og fremst verið litið á þessa orku sem sóun.

Kortlagningin sýndi að víða er að finna stöðugan varmagjafa sem gæti nýst til ræktunar, fiskeldis, sniglaræktar, baðaðstöðu og annarrar starfsemi þar sem stöðugur hiti er forsenda. Einnig var horft til þess hvernig glatvarmi gæti stutt við nýjar lausnir í matvælaframleiðslu og sjálfbærri nýtingu auðlinda með minni orkunotkun og aukinni hringrásarhugsun.

Verkefnið var mikilvægt skref í að draga fram möguleika glatvarma sem auðlindar og skapa grunn að frekari þróunarverkefnum á þessu sviði. Samstarfið endurspeglar jafnframt áherslur Eims á nýsköpun, sjálfbærni og aukna tengingu milli orkukerfa, atvinnulífs og samfélagsþróunar.





## Sniglarækt með nýtingu glatvarma

Eimur vinnur að þróun sniglaræktar sem sjálfbærar aukabúgreinar á íslenskum sveitabæjum. Verkefnið miðar að því að nýta glatvarma og aðra vannýttar varmaauðlindir til verðmætasköpunar og fellur að markmiðum félagsins um bætta nýtingu auðlinda og eflingu hringrásarhagkerfisins.

Sniglarækt hefur víða í Evrópu sannað sig sem vistvæn og arðbær búgrein með fjölbreyttum afurðum, bæði til manneldis og í frekari vinnslu. Nálgun verkefnisins felst í því að aðlaga slíka framleiðslu að íslenskum aðstæðum með áherslu á stöðugt hitastig, kolefnislágan rekstur og nýtingu hlíðarstrauma.

Sérstök áhersla er lögð á að kanna hvernig glatvarmi og hitaveituhjárennsli geti orðið hluti af framleiðsluferlum og styrkt rekstrarforsendur.

Á árinu var lögð áhersla á fræðslu, þekkingaröflun og tengslamyndun. Peter Monaghan frá Inis Escargot heimsótti Ísland og hélt fundi með bændum og hagaðilum um rekstrarforsendur, framleiðsluaðferðir og markaðsaðgengi.

Heimsóknin var liður í því að tengja íslenskan landbúnað við alþjóðlega þekkingu og meta raunhæfi uppbyggingar hér á landi. Í framhaldinu er fyrirhuguð námsferð til Írlands þar sem íslenskur hópur mun heimsækja starfandi sniglabýli og kynna sér rekstur á staðnum.

Verkefnið hefur á árinu skilað af sér fræðsluviðburðum og undirbúningsvinnu að frekari þróun. Með því er lagður grunnur að næstu skrefum í átt að tilrauna- eða frumuppsetningu þar sem nýting íslensks varma til verðmætasköpunar er í forgrunni.





# Fjölsótt framtíðarráðstefna á Bakka 20. nóvember

Í nóvember 2025 stóð Eimur fyrir afar vel sóttri ráðstefnu um framtíðina á Bakka. Ráðstefnan var haldin á Fosshótel Húsavík, þar sem saman komu íbúar, ráðherrar, fulltrúar Alþingis og sveitarstjórna, atvinnulífsins, fjárfesta og fjölmörg áhugasöm fyrirtæki.

Á ráðstefnunni var farið yfir stöðu þróunar á Bakka og rætt hvernig nýta megi staðbundnar auðlindir til verðmætasköpunar í hringrásarhagkerfi framtíðarinnar, auk þess sem rædd voru næstu skref í áframhaldandi uppbyggingu.

Ráðstefnan undirstrikaði breiðan stuðning við framtíðarsýn um grænan iðngarð á Bakka og var mikilvægur þáttur fyrir aukð traust og gagnsæi í samskiptum við nærsamfélagið á Húsavík. Með því að skapa opinn vettvang fyrir stefnumótun, samráð og sameiginlega ábyrgð styrkti Eimur tengsl á milli stofnana, sveitarfélaga, fyrirtækja og íbúa. Þannig var lagður grunnur að frekari samvinnu og framtíðarsýn þar sem atvinnulíf, samfélag og umhverfi haldast í jafnvægi.

Í framhaldi ráðstefnunnar gaf verkefnastjóri út ítarlega skýrslu, *Grænn iðngarður á Bakka*, sem dregur saman helstu niðurstöður og framtíðarsýn verkefnisins. Skýrslan fjallar um forsendur og fasa uppbyggingar, skipulag verkefnisins, helstu áskoranir, markmið og langtímasýn fyrir grænan iðngarð á Bakka, auk kortlagningar auðlinda, innviða og samfélagslegra þátta. Með útgáfu hennar er stigið mikilvægt skref í átt að því að þróa iðnaðarvettvang á Norðurlandi þar sem nýsköpun, orkunýting og hringrásarhugsun eru höfð að leiðarljósi.

[Hér má nálgast skýrsluna](#)





## Samningaviðræður um glatvarma á Akureyri

Á árinu 2025 leiddi Eimur, fyrir hönd Akureyrarbæjar, samningaviðræður við gagnaverið atNorth við Hlíðarvelli um nýtingu glatvarma sem fellur til við rekstur gagnaversins.

Markmið viðræðnanna var að kanna raunhæfar og hagkvæmar leiðir til að umbreyta varmaorku, sem annars færi til spillis, í nothæfa orku fyrir nærumhverfið.

Viðræðurnar leiddu til samningsdraga sem leggja til formlega samvinnu milli Akureyrarbæjar og atNorth um afhendingu og nýtingu glatvarma. Í samkomulaginu felst meðal annars að atNorth skuldbindur sig til að afhenda þann glatvarma sem fellur til við rekstur gagnaversins án endurgjalds til verkefna sem stuðla að sjálfbærni og bættri orkunýtingu.

Með þessu er tryggt að það orkumagn sem annars myndi tapast verði hluti af markvissu samspili milli iðnaðar og samfélagsins.

Niðurstaða samningsviðræðnanna styrkir stöðu Akureyrarbæjar sem frumkvöðlasvæðis í nýtingu glatvarma. Verkefnið stendur sem skýrt dæmi um hvernig sveitarfélög geta markvisst unnið með fyrirtækjum á svæðinu að bættri auðlinda- og orkunýtingu í þágu íbúa og atvinnulífs.

Þá fellur verkefnið að heildarstefnu stjórnvalda um orkuskipti, kolefnishlutlaust Ísland og nýtingu endurnýjanlegra orkustrauma á landsvísu.

Eimur gegndi lykilhlutverki í að samræma sjónarmið, greina gögn og móta tillögur að tæknilegum og rekstrarlegum lausnum. Í þeirri vinnu var höfð hliðsjón af reynslu á sviði varmanýtingu frá gagnaverum, meðal annars frá Norðurlöndum.

Með því var lagt grunn að tækifæri í varmanýtingu sem getur síðar stutt við frekari uppbyggingu á svæðinu, hvort sem með beinni tengingu við gróðurhús, upphitun mannvirkja eða annarra varmasækinnar starfsemi.



Akureyrarbær



## ICEWATER

Unnið var áfram að hönnun færanlegs hreinsivirkis til meðhöndlunar á frárennsli frá matvælaíðnaði sem er verkþáttur innan ICEWATER verkefnisins.

Hönnunin miðar að því að geta meðhöndlað frárennsli frá mismunandi atvinnustarfsemi og sveitarfélögum, með sérstaka áherslu á matvælaíðnað þar sem oft er breytilegt álag og þörf fyrir sveigjanlega lausn sem hægt er að aðlaga að hverjum stað fyrir sig.

Lögð var áhersla á að velja einfaldan tækjabúnað og ferla sem tryggja góða og stöðuga hreinsun, áreiðanleika í rekstri og möguleika á að safna gögnum til frekari greiningar.

Einnig var horft til þess að hreinsivirkið væri auðvelt í flutningi og einfalt í uppsetningu og rekstri. Hönnunarferlið var unnið í nánú samstarfi við tækniáðila, rekstraraðila fráveitukerfa og iðnaðarfyrirtæki til að tryggja að lausnin væri bæði tæknilega fýsileg og rekstrarlega hagkvæm.

Mikilvægt skref í framvindu verkefnisins var svo þegar skrifað var undir samning við Iðnver um leigu á hreinsivirkinu.

Samningurinn tryggir aðgengi að sérfræðipækkingu og þjónustu sem tengist uppsetningu, rekstri og eftirliti með búnaðinum og styrkir þannig faglegan grunn verkefnisins.

Með þessu skapast raunhæfur vettvangur til að skoða og prófa nýja tækni til hreinsunar fráveituvatns, meta mismunandi rekstraraðstæður og leggja mat á ávinning fyrir umhverfi, sveitarfélög og fyrirtæki. Samningurinn er því lykilþáttur í að gera ICEWATER að lifandi tilraunaverkefni þar sem nýjar lausnir í meðferð fráveituvatns eru prófaðar í raunverulegum aðstæðum.

Í framhaldi af því var gert samkomulag við Kjarnafæði/Norðlenska um uppsetningu á hreinsivirkinu við sláturhús fyrirtækisins á Húsavík. Þar gefst tækifæri til að prófa búnaðinn við raunverulegar aðstæður í matvælaíðnaði, þar sem fráveituvatnið er lífrænt hlaðið og inniheldur töluvert magn af fitu, olíu og uppleystu lífrænu efni (COD, BOD<sub>5</sub>).

Kerfið verður sett upp við sláturhúsið á Húsavík í sláturtíð 2026 í samvinnu við Iðnver og Orkuveitu Húsavíkur. Í samkomulaginu felst samvinna um aðlögun búnaðar, tengingu við núverandi kerfi, rekstur á tilraunatímabili og sameiginlega gagnasöfnun til að meta árangur og mögulegan ávinning.

**Hér má sjá samstarfsaðila verkefnisins með Eimi**



Tilraunirnar við sláturhúsið skapa dýrmæta reynslu sem hægt er að nýta við frekari útfærslu tækninnar, mat á rekstrarkostnaði og áhrifum hennar á fráveitugjöld og umhverfiskröfur.

Verkefnið styrkir jafnframt tengsl ICEWATER við atvinnulífið á svæðinu og sýnir í verki vilja fyrirtækja til að taka virkan þátt í þróun lausna sem bæta umhverfisárangur og styðja við markmið um sjálfbæra matvælaframleiðslu.



## Metanvinnsla á Dysnesi

Eimur vann á árinu að fýsileikagreiningu á þróun metanvinnslu á Dysnesi við Eyjafjörð. Verkefnið byggir á fyrri greiningum um framleiðslu lífgass úr lífrænum úrgangi, en markmið þess er að umbreyta lífrænum úrgangsstraumum í verðmæta orku og áburð og styðja þannig við hringrásarhagkerfi og orkuskipti á svæðinu í samvinnu við bændur og aðra úrgangshafa.

Helsta framlag Eims í þessari vinnu hefur verið að byggja ofan á fyrri greiningar með ítarlegri útfærslu á rekstrarlegum forsendum verkefnisins.

Í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), Eflu, KPMG og fleiri hagaðila var unnið að því að safna saman lykilforsendum fyrir rekstur metanvers á Dysnesi.

RML vann með bændum á svæðinu að kortlagningu á magni mykju og aðstæðum á bæjum. Efla þróaði tillögu að söfnunarkerfi fyrir hráefni á svæðinu, en KPMG dró þessar forsendur saman í heildstætt rekstrarlíkan fyrir verkefnið.



Niðurstöður þeirrar vinnu benda til þess að miðað við þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar geti metanvinnsla á Dysnesi verið vel rekstrarhæf. Slíkt metanver gæti meðal annars tekið við lífrænum heimilísúrgangi frá heimilum á Akureyri og þannig stuðlað að aukinni staðbundinni nýtingu úrgangs. Með því væri jafnframt hægt að draga úr þeim kostnaði sem sveitarfélagið ber í dag vegna meðhöndlunar lífræns heimilísúrgangs, og lækka hliðgjöld lífræns úrgangs á heimili og fyrirtæki. Áætlað er að með lífgasvinnslu á Dysnesi megi forða losun um 3,9 þúsund tonna CO<sub>2</sub>-ígilda á ári, sem undirstrikar einnig mikilvægan loftslagsávinning verkefnisins.

Í lok árs lágu því fyrir jákvæðar rekstrarlegar og umhverfislegar niðurstöður og góður grunnur fyrir frekari uppbyggingu verkefnisins. Næstu skref ráðast þó af ákvörðunum Akureyrarbæjar, sem er nú að rýna niðurstöður greiningarinnar og meta hvort vilji sé til staðar hjá sveitarfélaginu til að taka þátt í uppbyggingu og fjárfestingu í verkefninu.

Verkefnið var unnið með stuðningi Loftslags sjóðs og Orkusjóðs.



Akureyrarbær



NORÐURORKA

## Lífgas- og áburðarframleiðsla í brennidepli

Eimur og Orkídea stóðu fyrir ráðstefnunni Lífgas- og áburðarframleiðsla: Tækifæri íslensks landbúnaðar á Hótel Selfoss þann 5. júní. Ráðstefnan vakti mikinn áhuga og skráðu um 140 manns sig til þátttöku, bæði í staðfund og streymi.

Á ráðstefnunni komu saman fulltrúar atvinnulífs, sveitarfélaga, bænda, rannsóknar- og menntastofnana auk sérfræðinga frá Norðurlöndum til að ræða tækifæri og áskoranir sem tengjast lífgas- og áburðarframleiðslu hér á landi. Fjallað var meðal annars um þróun mögulegra verkefna á Dysnesi við Eyjafjörð, í Reykholti í Biskupstungum og í Þorlákshöfn, auk þess sem erlendir gestir deildu reynslu sinni af smærri lífgaslausnum og nýtingu meltu til áburðar.



Einnig voru kynnt sjónarmið um fjármögnun, rannsóknir, menntun og mikilvægi samstarfs ólíkra hagaðila við uppbyggingu greinarinnar. Fundarstjóri ráðstefnunnar var Margrét Á. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtök Íslands. Ráðstefnan skapaði mikilvægan vettvang fyrir samtal og tengslamyndun milli þeirra aðila sem koma að þróun lífgas- og áburðarverkefna á Íslandi.

Umræður dagsins sýndu skýrt að áhugi og vilji er til staðar til að nýta betur lífrænar hliðarafurðir úr landbúnaði og samfélagi til orkuframleiðslu og verðmætasköpunar. Sérstök áhersla var lögð á hvernig slík verkefni geta styrkt hringrásarhagkerfið, aukið sjálfbærni og skapað ný tækifæri í dreifbýli. Þá kom fram að með markvissu samstarfi og skýrum regluverkum sé hægt að byggja upp öflugan innlendan iðnað sem styður við loftslagsmarkmið Íslands og dregur úr kolefnisspori landbúnaðar og samfélagsins í heild.

Undir lok fundarins samþykktu fundargestir sameiginlega ályktun þar sem lögð var áhersla á mikilvægi aukins samstarfs stjórnvalda, sveitarfélaga, bænda og atvinnulífs til að hraða uppbyggingu lífgas- og áburðarvinnslu á Íslandi. Þar var sérstaklega bent á þann umhverfislega og samfélagslega ávinning sem felst í aukinni nýtingu lífrænna hliðarafurða, minni innflutningi á áburði og eldsneyti og auknu fæðu- og orkuöryggi þjóðarinnar. Ráðstefnan var haldin með stuðningi Landsvirkjunar.





## Föngun og nýting hauggass í Stekkjarvík

Á árinu 2025 stofnaði Eimur til samstarfs með Norðurá bs. sem starfrækir uðrunarstaðinn Stekkjarvík, norðan Blönduóss. Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík hefur frá árinu 2011 tekið við rúmlega 250 þúsund tonnum af úrgangi frá sveitarfélögum á Norðurlandi, aðallega blönduðum úrgangi og sláturúrgangi.

Við niðurbrot úrgangsins myndast metangas, sem frá árinu 2018 hefur verið safnað með gassöfnunarkerfi í þeim hluta hólfsins sem er fullfrágenginn. Í núverandi kerfi safnast um 30–40 rúmmetrar af hauggasi á klukkustund, þar af um þriðjungur metan og álíka hlutfall koltvísýringis og niturgass.

Metanið, sem hefur mun meiri hlýnunarhæfni en koltvísýringur, er brennt á staðnum til að draga úr loftslagsáhrifum.

Árið 2021 voru brennd um 88 tonn af metani og árið 2022 um 72 tonn. Eimur tók málið upp árið 2024 með það markmið að kanna hvort hægt væri að nýta þessa auðlind með einhverjum hætti í stað þess að bara brenna hana.

Fyrstu samtöl fóru fram á aðalfundi Norðurár í mars 2025, þar sem lagt var til að farið yrði í sameiginlega fýsileikagreiningu á vinnslu varma og raforku úr metangasi í samstarfi Eims, Norðurár og SSNV.

Í kjölfarið var sótt um styrk í Orkurannsóknasjóð Landsvirkjunar og fékk Eimur úthlutað 1,5 milljónum króna til undirbúnings og gerð úttektar. Verkefnið fól í sér mat á gasmyndun, líftíma og nýtingarmöguleikum, og einnig samfélagslega greiningu á ávinningi fyrir nærliggjandi byggðir. EFLA setti upp líkan sem lagði mat á myndun hauggass frá Stekkjarvík. Úttektin sýnir að heimtuhlutfall núverandi kerfis er aðeins um 10%.

Með lokun nýs urðunarhólfs sem fyrirhugað er á árinu 2026 er áætlað að safnað gasmagn geti þrefaldast, í um 40 Nm<sup>3</sup>/klst.

Við könnuðum sérstaklega hvort nýta mætti varmann til að kynda hitaveitu RARIK fyrir Skagaströnd, en hitavatnslögnin liggur einmitt mjög skammt frá urðunarstaðnum. Þar renna í dag um 9 l/s af um 60°C heitu vatni. Ef allri þessari orku yrði brennt til að hita lögnina, mætti hækka á henni hitastigið um 8–10°C. Þetta gæti haft talsverðan ávinning í för með sér fyrir Skagaströnd.

Annar þáttur sem vert er að minnst á er að víða í Evrópu þekkist að loka urðunarhólum með leirdúkum og plastdúkum yfir urðunarhólf sem getur aukið stórlega föngun á hauggasi. Þess konar frágangur hefur ekki tíðkast hér á Íslandi og er því ekki reynsla hér heima hve mikill ávinningur yrði af slíkri framkvæmd. Þó má ljóst vera að þarna liggur eitt helsta tækifæri Íslands til samdráttar innan ESR kerfisins, því urðunarstaðirnir eru fáir og framkvæmdin tiltölulega ódýr miðað við þann samdrátt í losun sem vænta mætti.

Reglusetningar og ávinningur þeirra sem eiga í hlut virðist þó ekki nægur til að ráðast í þann kostnað.




Mynd fengin að láni frá heimasíðu Stekkjarvíkur

Verkefnið um vinnslu hauggass í Stekkjarvík er dæmigert loftslagsverkefni þar sem tiltölulega lítil fjárfesting getur skilað verulegum árangri í samdrætti losunar. Úttektir sýna að hægt er að auka föngun og nýtingu gassins með tiltölulega einföldum aðgerðum, og að umfang ávinningsins er verulegt, bæði hvað varðar varmanýtingu og samdrátt í losun metans.

Helstu áskoranir liggja ekki í tækninni heldur í því hver tekur ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun. Eins og staðan er í dag bera hagaðilar ekki beinan hag af því að gera betur. Ekki eru til staðar hvatar til að draga enn frekar úr losun frá urðunarstöðum, og það hefur áhrif á ákvarðanatöku og áhættumat aðila.

Mat okkar er að þjóðhagslegt verðmæti samdráttar í losun sé mjög mikið. Til að verkefnið fái einhvern framgang þarf gott samstarf allra lykilaðila.



Mynd fengin að láni úr landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda 2025



# Kynningarmál Eims

## Markviss miðlun og aukinn sýnileiki

Á árinu 2025 hélt Eimur áfram að efla sýnileika sinn með markvissri og skipulagðri miðlun á heimasíðu, samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum. Miðlunarstarfið byggði á markhópagreiningu sem unnin var árið 2024 þar sem helstu markhópar og árangursríkustu miðlunarleiðir voru skilgreindar. Sérstök áhersla var lögð á að auka sýnileika verkefna Eims, styrkja upplýsingaflæði til hagaðila og efla faglega ímynd félagsins á sviði nýsköpunar, sjálfbærni og orkuskipta.

## Heimasíða og póstlisti

Ný heimasíða Eims, sem fór í loftið árið 2024, hefur reynt mikilvægur upplýsingavefur fyrir hagaðila, samstarfsaðila og almenning. Frá ágúst 2024 hafa heimsóknir á vefinn verið tæplega 15 þúsund með yfir 29 þúsund síðuflettingum, sem sýnir stöðuga notkun og áhuga á efni vefsins. Eimur heldur einnig úti póstlista með yfir 150 áskrifendum sem nýttur er til markvissrar upplýsingamiðlunar um verkefni, viðburði og útgáfur.

## Samfélagsmiðlar

Fylgjendum Eims á samfélagsmiðlum fjölgaði áfram árið 2025 og voru alls 3.366 í árslok. Facebook var áfram stærsti miðill Eims með um 340 þúsund birtingar á árinu og gegndi lykilhlutverki í dreifingu fréttu og umferðar inn á heimasíðu félagsins. LinkedIn sýndi mestan faglegan vöxt og hátt þátttökuhlutfall, sem endurspeglar sterka stöðu Eims gagnvart fagfólki, samstarfsaðilum og styrktaraðilum. Instagram gegndi áfram mikilvægu hlutverki í að auka sýnileika gagnvart almenningi og yngri markhópum.

## Miðlun verkefna og samstarf

Eimur sá áfram um miðlun og vefumsjón fyrir ýmis samstarfs- og þróunarverkefni, meðal annars á sviði nýsköpunar, sjálfbærni og orkuskipta. Fjölmiðlaumfjöllun um starfsemi Eims og tengd verkefni studdi jafnframt við aukinn sýnileika félagsins á landsvísi.

**Fylgið okkur á samfélagsmiðlum**

[LinkedIn - eimur](#)

[Facebook - eimur.iceland](#)

[Instagram - eimur\\_iceland](#)

## Heimasíða Eims (ágúst 2024 - desember 2025)



**14.758**  
heimsóknir



**29.040**  
síðuflettingar



**153+**  
áskrifendur á póstlista

## Samfélagsmiðlar 2025 - helstu niðurstöður



### Facebook

- 339.522 birtingar (views)
- Um 76% birtinga frá notendum sem fylgja ekki síðunni
- 2.600 tengslasmellir - 5.900 heimsóknir á síðu

**339.522**  
birtingar



### Instagram

- 23.127 áhorft (views)
- 9.800 náð til notenda
- 158 gagnvirkar aðgerðir
- 22.823 áhorf frá organic efni


**23.127**  
áhorf



### LinkedIn

- 16.429 birtingar
- 8.947 náð til notenda
- 15.2% þátttökuhlutfall (engagement rate)
- 1.913 smellir - 539 viðbrögð


**16.429**  
birtingar  
15,2%  
þátttökuhlutfall




## Verkefni og samstarf

Eimur hélt áfram að sinna miðlun og vefumsjón fyrir ýmis samstarfs- og þróunarverkefni.

- RECET - evrópuverkefni
- Árbakki - hringrásarverkefni



**3.366**  
fylgjendur alls í árslok 2025



**53% aukning**  
á fylgjendum frá 2022



Aukin dreifing og þátttaka á öllum miðlum



# Nokkrir gullmolar úr starfi Eims 2025



Lífsgasferð til Færeyja - janúar

## Vor/sumar

Íbúafundur um Orkusamlag í Kelduhverfi - janúar

Synergies for Greener European Horizons, Klararáðstefna í Osló - janúar



Fundur með Loga Einarssyni, nýsköpunarráðherra - febrúar

Mentor og þátttaka á Krubbum á Húsavík - mars

Vinnudagar með Landsvirkjun, Bláma, Orkideu og Eygló á Suðurlandi - febrúar



Upphafsfundur LIFE ICEWATER - mars

Stefnumótunardagur Eims - apríl

Upphafsfundur Nordic Bridge í Sligo Írlandi - apríl

Vefþing um orkuskipti smábáta í sjávarútvegi með Vestfjarðastofu - apríl



Regional Power: Igniting Innovation in Iceland's Energy Landscape Iceland - Viðburður Eims, Orkideu, Bláma, Eygló og Landsvirkjun á Iceland Innovation week - maí

Eimur með tvö erindi á samorkuþingi á Akureyri - maí



Akureyri Energy Seminar - maí

Þátttaka á nýsköpunarhátíðinni Tonik í Færeyjum - maí



Samið um afhendingu glatvarma við atNorth og Akureyrarbæ - júlí

Útgáfa mælaborðs um olíusölu á Íslandi - júlí

Ráðstefna um lífgas og áburðarmál með Orkideu á Selfossi - júní

## Haust/vetur

Þátttaka á ráðstefnunni AquaNOR í Brándheimum - ágúst

Erindi og viðburður um sniglarækt á Hönnunarþingi á Húsavík - sept



Clara Ganslandt, sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi heimsótti og fundaði með Eimi - okt

Fræðsla um auðlindamál fyrir SIT, bandaríska háskólanema - okt

Erindi og pallborðsþátttaka á IDRA Reykjavík summit on water and climate change - okt

Þátttaka í panel á Lagarlíf, fiskeldisráðstefnu - sept



Námskeiðsröð um sniglarækt í samstarfi við Peter Monaghan á Norðurlandi - okt

Arctic Circle Assemblies - okt

Þátttaka á Arctic BioHack - okt



Fundur með Jóhann Páli Jóhannssyni, umhverfisráðherra - nóv



Alessandra Schneider hefur störf hjá Eimi á NV - nóv

Erindi um sniglarækt fyrir ýmsa aðila, t.d. vegagerðina og Landsvirkjun

Þátttaka í Startup Landinu sem mentor - okt



Ráðstefna um framtíðina á Bakka við Húsavík - nóv

Heimsókn og fræðsla um auðlindamál og verkefni Eims í Menntaskólanum á Akureyri - nóv



Skýrsla verkefnastjóra um grænan iðngarð á Bakka gefin út á vefsíðu Eims - des



# Viðburðir í myndum





## Bakhjarlar



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið





Brekkugata 1b, 600 Akureyri  
Faxatorg 1, 550 Sauðárkrókur  
Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

[eimur@eimur.is](mailto:eimur@eimur.is)  
[www.eimur.is](http://www.eimur.is)

Eimur er samstarfsverkefni umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytisins, Landsvirkjunar, Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Norðurorku og Orkuveitu Húsavíkur.

Markmið Eims er að bæta nýtingu auðlinda á Norðurlandi með verðmætasköpun, sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi.